

Hæstiréttur skapar gúmmíkenningu

Eftir Vilhjálmm Bjarnason



Vilhjálmur Bjarnason

"Hvort tveggja, verð og fjöldi hluta, er orðið að áliti Hæstaréttar eins og klám; loðið og teygjanlegt."

Það er sérkennilegt áhugamál hjá þjóð að túlka dóma Hæstaréttar. Hjá flestum siðmenntuðum þjóðum eru dómar Hæstaréttar skýrir og fjalla um ágreiningsmálið með niðurstöðu sem heitir dómsorð ellegar í versta falli úrskurður. Þar sem Hæstiréttur hefur talað heldur óskýru máli er rétt að reyna að rýna í skilning dómstólsins á einföldum hugtökum; þ.e. fjöldi hluta og verð, skv. 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. 55. gr. hfl. nr. 2/1995 sem hljóðar svo: „Hlutafélag má ekki gegn endurgjaldi eignast eigin hluti með kaupum eða fá þá að veði ef nafnverð samanlagðra hluta, sem félagið og dótturfélög þess eiga í félaginu, er meira en eða mun verða meira en 10% af hlutafénu. Með skal telja hluti sem þriðji aðili hefur eignast í eigin nafni en fyrir reikning félagsins.

Hluti getur félag aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimildin verður aðeins veitt tímabundið og ekki til lengri tíma en fimm ára.“

Í heimildinni skal greina hámarksfjölda hluta sem félagið má eignast og lægstu og hæstu fjárhæð sem félagið má reida fram sem endurgjald fyrir hlutina.

Félagið getur aðeins eignast hluti svo framarlega sem eigið fé þess fer fram úr þeirri fjárhæð sem óheimilt er að ráðstafa til úthlutunar á arði. Þegar eigin hlutir hafa verið dregnir frá eftir að félagið hefur eignast hluti má hlutaféð ekki nema lægri fjárhæð en fjórum milljónum króna.

Aðeins má afla þeirra hluta sem eru að fullu greiddir.

Uppfyllir eftirfarandi samþykkt á hluthafafundi skilyrði 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 um verð og fjölda hluta? *Aðalfundur Glitnis banka hf. veitir stjórn heimild til þess að kaupa eigin hluti í félaginu eða taka þá að veði. Heimild þessi standi í 18 mánuði og takmarkist við að samanlögð kaup og veðsetning hluta fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Kaupverð hluta skal vera lægst 10% lægra og hæst 10% hærra, en skráð kaup- eða sölugengi í Kauphöll Íslands hf. (Samþykkt á aðalfundi Glitnis banka hf. 20. febrúar 2007)*

Spurningin hér er; hver er fjöldi hluta samkvæmt 3. mg. 55. gr.? Er það sá fjöldi hluta sem er útistandandi þegar samþykktin er gerð eða þegar félagið kaupir hluti? Önnur spurning er hvert er verðið skv. 3. mg. 55 gr.; er krafan um verðupplýsingar um fast eða breytanlegt verð? Verð í kauphöll er eðli málsins samkvæmt breytilegt en verð er ákveðin upphæð en ekki tilvísun í annað verð. Ákvæði hlutafélagalaga eru sett til verndar hluthöfum, til að setja stjórn valdmörk, takmarka vald stjórna. Með því að Hæstiréttur telur þessa samþykkt aðalfundar Glitnis banka hf. samrýmast ákvæðum 55. gr. a hlutafélagalaga nr. 2/1995, þá hefur Hæstiréttur í dómi í máli nr. 228/2009 búið til gúmmíkenningu um verð og fjölda hluta. Hvort tveggja, verð og fjöldi hluta, er orðið að álitum Hæstaréttar eins og klám; loðið og teygjanlegt.

Höfundur er þolandi í réttarfari Hæstaréttar

Höfundur er lektor og framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta.